

Mál nr. 80/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A og ábyrgðartryggingar
fasteignatryggingar C

Skemmdir á A þegar snjór féll af húspaki og á bifreiðina A þann 04.03. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var lagt við hús að Eyrargötu þar sem ökumaður var gestkomandi. Snjór féll af húspakinu og á bifreiðina þannig að skemmdir urðu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr kaskótryggingu bifreiðarinnar þar sem tjónsatvikið fellur utan bótasviðs vátryggingarinnar eins og það er skilgreint í 4. gr. skilmála.

Vátryggingafélagið hafnar og bótaábyrgð úr fasteignatryggingu eiganda húseignarinnar. Það telur að íbúðareigandi beri ekki ábyrgð í skilningi skaðabótaréttar að hafa ekki gert sérsakar ráðstafanir í umrætt sinn. Félagið vísar til úrskurðar Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 53/2006 í því sambandi.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu, sem óparft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð ekki fyrir hendi samkvæmt kaskótryggingu bifreiðarinnar. Tjónsatburður máls þessa fellur utan bótasviðs kaskótryggingar líkt og það er skilgreint í 4. gr. vátryggingaskilmála.

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaskyldu ábyrgðartryggingar faseignatryggingar eða F+ tryggingar (heimilstryggingar), sem svo er nefnd í málskotinu

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 9. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.